

Þetta, yfir 1907: „Fegurðarhugsjónin“ (þróun hennar) Rögnv. Pétursson, „Exposition of Morality“ Stefán Thorson, „Íslenzkur Sosialism“ Björn Pétursson, „Þorsteinn Erlingsson“ Rögnv. Pétursson, „Monism“: „Heimspækiskenningar Próf. Hackels“ Síra J. P. Sólmundsson, „Stephan G. Stephansson“ Kristján Stefánsson; „Jónas Hallgrímsson“, Páll J. Clements; „Rómantikin á Englandi og Frakklandi í byrjun 19. aldar“, Miss Sophía F. Harold.

Það sem af er þessu ári, hafa þessi erindi verið flutt: „Hagfræðisstefna Henry George“, Páll J. Clements; „Dr. Grímur Thomsen“, Rögnv. Pétursson; „Barátta“ (síðmenn-ingarinnar), Skapti B. Brynjólfsson; „Egill Skallagrímsson“, Stefán Thorson; „Pantheism“, Friðrik Sveinsson; „Ferðin til Íslands“ (lands- og verslunar-hagur þjóðarinnar o. s. frv.), Jóhannès Sigurðsson.

Félagsmenn eru af flestum skoðanaflokkum Íslendinga hér í bæ. Fundir hafa oftast verið vel sóttir og umræður fjórugar, enda hafa þar allir málfrelsi, utanfélags og innan. Aðgangur að fundum hefir ætíð verið ókeypis, og bera félagsmenn þann kostnað er til hefir fallist, er nemur 75 c. árlegu gjaldi á mann.

Menningarfélagið er hið eina félag Íslendinga hér í bæ, er stýlar mönnum engar stjórnmalalegar eða kyrkjulegar játningar, enda er það eina félagið, er ekki er gróða, — eða pólitískt — eða kyrkjulegt — félag, og virðist að því leyti, að vera ætti rúm fyrir eitt slíkt félag, innan um allan hinn grúann.

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kaupu og auglýsinga.

Kostar einn dollar um árið. Borgist fyrirfram.

ÚTGEFENDUR: NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.